

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um stofnun skipulags- og samgönguráðs

Borgarstjórn samþykkir að stofna skipulags- og samgönguráð. Ráðið fari með skipulags-, samgöngu- og byggingarmál og verði í flokki I skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu borgarfulltrúa. Forsætisnefnd er falið að vinna samþykkt fyrir ráðið í samráði við umhverfis- og skipulagssvið sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í september. Ráðið starfar samkvæmt samþykktum umhverfis- og skipulagsráðs þar til ný samþykkt liggur fyrir og fer með gildandi fullnaðarafgreiðsluheimildir þess ráðs.